líkar turnvörður; gaf Flóres honum enn
aptur, og sitt með; varð hann þá feginn,
svo að varla vissi hann. Þá bað turnvörður
Flóres leggja við kjörgrip; Flóres kvaðst ek-
-kji lengur vilja leika. Bauð turnvörður
honum til matar með sjer. Þeir fóru til
borðs, og var turnvörður mjög kátur, fal-
-aði hann opt kjörgrip að Flóres. og bauð
honum fjóra hundruð marka gulls, og
1000 marka silfurs. Þá mælti Flóres:
gefa vil jeg þjer kjörgrip, enn ekkji selja, til
þess að þú gefir mjer trú þína, að þú ska-
-lt alt gjöra eptir mínum vilja, og mig
ekkji svíkja í vökkunni. Og svo gjörðu þeir,
að turnvörður sór honum trú sína. —
18; Síðan tók hann við kjörinu og fellur á knje
fyrir Flóres, og bauðst að gjörast hans maður;
Flóres tók við honum, og ljet hann sverja sjer
eiða; enn er það var alt gjört, þá mælti Flóres:
jeg vil segja þjer mitt erindi; hjer er í þessum
turni unnusta mín, Blankiflúr; fyrir henn-
-ar sakir hef jeg troðið marga ókunna
stig af Spanien, þar var hún stolin frá
mjer; þar skaltu mjer dugnað til veita að
jeg meigji hana finna. Og er turnvörður heyrði
þetta, varð honum svo illt við, að hann vissi
varla, hvað hann skyldi að hafast, og mælti:
illa hefur þú mig blekkt með fje þínu, og
þín viska hefur mig sárlega dárað; enn
það verður minn bani, þín og hennar; fer
jeg nú varla attur kjörgrip því er játað er; ga-
-kk þú nú heim, og kom á 3ja nátta fresti.
vænd jeg munu að heyra, hvað til ráða er. Fl-
-óres segir: það er að lángst. Turnvörður sva-
-var: mjer þykir of skammt, sakir dauðans.
Fór Flóres heim, mjög hryggur, þótti honum
mjög lángt, því að hann óttaðist ekkji dauð-
ann, ef hann fyndi Blankiflúr. Ljet tur-
-nvörður taka 12. lauga stóra og fylla með
alskonar blómum og láta bera meijunum
og var þetta tilbúið þá er Flóres kom. Ljet